

Velferanefnd Alþingis

Akureyri 2. desember 2014

**Efni** - Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um gerð framkvæmdaáætlunar til langs tíma um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins. 39. mál.


Hjúkrunarráð Sjúkrahússins á Akureyri fagnar því að hugað sé að gerð langtímaáætlunar um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins. Þörfin á slíkri áætlun ætti að vera mörgum ljós, ekki síst þar sem öll markmiðs- og stefnumótunarvinna getur þá miðað að þeim langtímaáætlunum sem stjórnvöld standa fyrir.

Í greinargerðinni er aukinni þörf á hjúkrunarrýmum og heimahjúkrun gerð skil, einkum í ljósi mannfjöldaspár og auknum fjölda aldraðra Íslendinga. Mikilvægt er að horfast í augu við að þeim aukna kostnaði sem fylgir þessu verður ekki mætt að fullu með breyttu skipulagi, nýrri tækni og samhæfingu. Útgjöld verða að vera í samræmi við kröfur um þjónustu sem öldruðum Íslendingum sæmir.

Skilningur á mikilvægi þess að allir þættir innan heilbrigðiskerfisins spili saman er kjarni allrar umræðu um langtímaáætlun. Ef tekst að ná heildaryfirsýn með skipulagðri uppbyggingu er hægt að nýta almannafé betur. Það er sorglegt til þess að vita að í dag fer sparnaður á einum stað beint í útgjöld á öðrum stað. Útgjöld sem virðast aukast í réttu hlutfalli við niðurskurð og sparnað ríkisstofnana.

Það er álit hjúkrunarráðs að jöfnuð landsmanna til að sækja sér heilbrigðisþjónustu verði að tryggja í framkvæmdaáætlun til langs tíma um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins. Hjúkrunarráð styður þá stefnumörkun að heilsugæslan skuli að jafnaði vera fyrsti viðkomustaður sjúklinga.

Fyrir hönd hjúkrunarráðs Sjúkrahússins á Akureyri



Gunnhildur H Gunnlaugsdóttir, skurðhjúkrunarfræðingur, M.Sc.

Varaformaður hjúkrunarráðs SAK